

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Björt Ólafsdóttur um rekstur sjúkrahótels.

1. *Hver var kostnaður ríkissjóðs við rekstur sjúkrahótels við Ármúla sl. fimm ár, sundurgreint eftir árum á verðlagi ársins 2014?*

Á því tímabili sem spurt er um var sjúkrahótel rekið á tveimur stöðum. Frá upphafi tímabilsins til loka febrúar 2011 var starfsemin á Fosshótel, Rauðarárstíg 18, eftir þann tíma fór starfsemin fram í Ármúla 9. Ástæða flutnings var nýr samningur um þjónustuna, gerður í kjölfar útboðs.

Í töflu 1 hér á eftir kemur fram kostnaður samkvæmt samningi Sjúkratrygginga Íslands við verksala um hótelpátt starfseminnar 2009–2014. Til viðbótar veitir Landspítali heilbrigðisþjónustu á sjúkrahótelinu fyrir um 50 millj. kr. á ári, aðallega hjúkrunarþjónustu en einnig sjúkraþjálfun. Fjárhæðir í svarinu eru færðar til meðalverðlags fyrstu níu mánaða 2014.

Tafla 1. Greiðslur samkvæmt samningi um rekstur sjúkrahótels 2009–2014.

í m.kr.	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Viðsemjandi	Fosshótel	Fosshótel	Fosshótel/ Heilsumiðst	Heilsu- miðstöðin	Heilsu- miðstöðin	Heilsu- miðstöðin
Greiðslur Sí *	125,5	117,8	113,3	109,3	101,9	102,7

* Á verðlagi ársins 2014

2. *Hvert var verð á hverja gistinótt á sjúkrahótelinu framangreind ár, sundurgreint eftir árum á verðlagi ársins 2014?*

Greiðslur Sjúkratrygginga Íslands til rekstraraðila sjúkrahótels 2009–2014 miðast við fjölda gistinátta sem tilgreindur er í samningi. Gistinætur eru til ráðstöfunar fyrir sjúkra-tryggða, fylgdarmenn þeirra og ósjúkra-tryggða. Tafla 2 hér á eftir sýnir gjald sem Sjúkra-tryggingar Íslands greiða fyrir gistinótt, annars vegar miðað við fulla nýtingu og hins vegar miðað við raunverulega nýtingu. Til viðbótar innheimtir verksali 1.200 kr. gjald af sjúkra-tryggðum í samræmi við reglugerð nr. 207/2010 um gjald fyrir dvöl á sjúkrahótel, gjaldið hefur staðið óbreytt frá 2010. Gjald sem fylgdarmenn greiða er 4.000 kr. og almennt gjald fyrir ósjúkra-tryggða er 18.000 kr.

Tafla 2. Verð á gistinótt á sjúkrahótelinu 2009–2014.

	2009	2010	2011	2012	2013	Áætlun 2014
Samningur	Fosshótel	Fosshótel	Fosshótel/ Heilsu- miðst.	Heilsu- miðstöðin	Heilsu- miðstöðin	Heilsu- miðstöðin
Gistinætur skv. samningi	14.090	14.090	18.672	19.529	19.529	19.529
Raunfjöldi	11.413	11.272	13.817	14.256	13.084	
Greiðslur / gistinótt *	8.909	8.363	6.069	5.602	5.218	5.262
Greiðslur m.v. nýtingu *	10.999	10.454	8.200	7.674	7.789	

* Á verðlagi ársins 2014

3. *Hver er áætlaður sparnaður vegna útboðs Ríkiskaupa á rekstri sjúkrahótels á höfuðborgarsvæðinu?*

Með útboði er leitast við að ná samningi sem tryggir ávinning af sjúkrahóteli sem felst í hagkvæmum rekstri, góðri þjónustu, bættu aðgengi að heilbrigðiskerfinu og bættri nýtingu dýrra sjúkrahúsryma. Vegna mismunandi forsendna milli útboða er erfitt að meta hvort nýtt útboð feli í sér sparnað. Þá verður hagkvæmni reksturs samkvæmt nýju útboði ekki endanlega ljós fyrr en með framkvæmd samnings á grundvelli þess.

4. *Hvert er áætlað verð á hverja gistinótt miðað við breytt rekstrarform og útboðsgögn?*

Ekki voru gerðar breytingar á rekstrarformi sjúkrahótelsins í nýju útboði. Innritunarferli var einfaldað og fært í hendur rekstraraðila sjúkrahótels.

Eitt tilboð barst vegna útboðs á rekstri sjúkrahótels næsta samningstímabils sem hefst eftir að núgildandi samningur rennur út 1. mars 2015. Hljóðaði tilboðið upp á 11.468 kr. á gistinótt. Af þessari fjárhæð greiða sjúkratryggðir einstaklingar nú 1.200 kr. í samræmi við reglugerð um gjald fyrir dvöl á sjúkrahóteli. Greiðsluþáttaka Sjúkratrygginga Íslands er því 10.268 kr. fyrir hverja gistinótt sjúkratryggðs einstaklings.

5. *Hve mikið er áætlað að þjónustan aukist eða dragist saman með breyttu rekstrarformi?*

Eins og fram hefur komið verða ekki gerðar breytingar á rekstrarformi. Ekki er áætlað að breyting verði á fjölda sjúkratryggðra sem njóta þjónustu sjúkrahótels vegna forsendna í útboði og samningi á grundvelli þess.